

Guðný Zoëga

# Eyðibbyggð og afdalir Skagafjarðar V - byggðasögurannsókn




Byggðasafn Skagfirðinga

Rannsóknaskýrslur

2012/129

## Inngangur



Síðastliðin 15 ár hefur farið fram ritun og útgáfa á byggðasögu Skagafjarðar. Nú eru komin út sex bindi af átta í ritróðinni og skipar umfjöllun um forna byggð og byggðapróun þar stóran sess. Byggðasagan í samstarfi við Byggðasafn Skagfirðinga hefur staðið fyrir víðtækum fornleifarannsóknnum í tengslum við ritun Byggðasögunnar og hafa nú alls um 50 staðir verið rannsakaðir fornleifarfræðilega. Um er að ræða smærri fornleifarannsóknir í formi könnunarskurða en einnig hefur kjarnabor verið notaður til rannsókna þar sem það hefur hentað. Hluti minjanna hefur einnig verið mældur upp með nákvæmum gps mælingatækjum.

Tilgangur rannsókna er að ákvarða aldur, og þar sem mögulegt er, gerð minjanna, og á stöku stað hvort um minjar sé að ræða. Sumra staðanna er

getið í heimildum eða munnmælum en sumir staðanna hafa komið í ljós við vettvangsferðir byggðasöguritar.

Niðurstöður rannsókna hafa komið út í rannsóknaskýrsluröð Byggðasafnsins en einnig hefur verið fjallað ítarlega um þær í viðeigandi bindum Byggðasögunnar.

Samstarfið hefur verið að mestu kostað af Byggðasögunni og Byggðasafninu en Menningarráð Norðurlands vestra hefur einnig veitt nokkra styrki til þess.

### Aðferðarfræði

Minjar voru mældar upp með Trimble Pro-Xr staðsetningartæki með um 50sm skekkjumörkum. Hnitakerfi sem stuðst er við er Isn93.

Kjarnabor var notaður til að gera forkönnun á mögulegum mannvistarleifum bæði til að greina hvort um mannvistarleifar var að ræða og einnig sem fullnaðarkönnuna á aldri og eðli minja. Stundum gefa borkjarnarnir fullnægjandi niðurstöður um aldur og eðli minja en þar sem annars eru smærri könnunarskurðir gerðir þar sem að mannvistarleifar hafa komið fram í borkjörnum eða þar sem líklegt þótti að uppgroftur gæfi bestar niðurstöður.

Aldur minja var metinn út frá gjóskulögum. Þar sem gjóska liggur óhreyfð yfir mannvistarlögum má meta aldur leifanna út frá því. Gjóskulinsur sem oft finnast í torfi gefa einnig hugmynd um það hvenær torf kann að hafa verið tekið. Helstu gjóskulög sem finnast í Skagafirði eru:

**H3** – þykkt gulleitt forsögulegt gjóskulag

**LnL** – Landnámslagið tvískipt grænleitt gjóskulag féll um 870.

**Vj~1000** – lag úr Vatnajökli sem féll um 1000, blá- eða grænleitt

**H1104** – hvítt gjóskulag úr Heklu sem féll 1104

**H1300** – gráleitt gjóskulag úr Heklu sem féll um 1300


**H1766** – svart gjóskulag úr Heklu, rétt undir grasrót, féll 1766.

Þar sem gjóskulög liggja óhreyfð er í texta sagt að þau liggi *in situ*.

## Ferð í Kolbeinsdal 21.06.2011

### Tóftir austan Heljarár<sup>1</sup>

Við rannsóknir 2008 fundust tóftir býlis sem að hluta til hefur horfið vegna ágangs Heljarár. Talið var að minjarnar gætu verið leifar býlis sem nefnt er í heimildum Ytri Heljará og sagt hafa horfið í ána. Eyðibýlisins Syðri Heljarár er getið um miðja 19. öld en eitthvað er sú heimild óljós og tóftir býlisins þá ekki þekktar. Teknir voru borkjarnar í tóftir sem liggja á dálitlum hólum austan Heljarár til að kanna hvort þar gæti verið um þetta býli að ræða. Tvær tóftir standa á dálitlum, stórþýfðum hólum austan



árinnar. Vestari tóftin [a] er stærri og virðist hún þrískipt. Hún er um 10m löng og 5m á breidd. Tóftin er vallgróin og jarðsokkin. Austan hennar var smærri og að því er virtist eldri tóft [b]. Veggir hennar voru jarðsokknir og engin merki um dyr. Borkjarnar voru teknir í báðar tóftirnar og hólinn sem þær standa á.

Kjarnar:

**K1:** N586677,850 m A500208,996 m

Kjarninn var tekinn í suður langvegg tóftar.

Á 15cm dýpi, undir grasrót, var dökkt gjóskulag sem lá yfir 25cm þykkum torfvegg sem í voru slitur af H1104 og gráleitri gjósku, líklega H1300. Undir torfvegnum var óhreyfður jarðvegur.

**K2:** N586677,836 m A500208,916 m

Kjarninn var tekinn í gólf austasta hólfs stærri tóftarinnar.

Á 12cm dýpi var dökkt, þunnt gjóskulag. Um 3cm af óhreyfðum jarðveg var á milli hennar og rótaðs jarðveg, 28cm þykks, í sem í voru slettur af H1104.

**K3:** N586678,236 m A500208,264 m

Kjarninn var tekinn í syðri tóftarvegg austari tóftarinnar.

Undir grasrót var óhreyfður jarðvegur niður á 18cm dýpi en svo tók við um 16cm þykkt rótað lag með sandi og rauðleits mýrarjarðvegs. Líklega uppmokstur einhverskonar. Óhreyft á 38cm dýpi.

**K4:** N586675,684 m A500211,846 m

Kjarninn var tekinn í nyrðri tóftarvegg eystri tóftarinnar.

Beint undir grasrót var komið niður á torfvegg, um 30cm þykk. Veggurinn var úr rauðleitu mýrartorfi sem í voru slitur af svartri þunnri gjósku og H3.

**K5:** N586679,557 m A500214,668 m

<sup>1</sup> Nánari umfjöllun er að finna í: Byggðasögu Skagafjarðar VI. bindi (Hjalti Pálsson ritstj.), bls.303.

Kjarninn var tekinn í hólinn norðan eystri tóftarinnar.

Á 6cm dýpi, undir grasrót, var svört þunn gjóska. Undir henni var lagskipt rauðleitt mýrartorf niður á 31. cm dýpi. Neðan þess var um 8cm rótaður jarðvegur með H3 en neðan þess á 40cm dýpi var komið niður á H3 óhreyfða.

**K6:** N586672,444 m A500203,238 m

Kjarninn var tekinn í hólinn sunnan tóftanna.

Óhreyfður jarðvegur beint undir grasrót.

**K7:** N586664,822 m A500204,628 m

Kjarninn var tekinn í hólinn sunnan tóftanna.

Óhreyft neðan grasrótar.

**HYS:** 220m

*Túlkun:*

Tóft: Eldri en 1766 en eftir 1104, stærri tóftin er líklega yngri en sú minni, mögulega reist eftir 1104. Líklegt er að þarna hafi verið endurbyggt og kann smærri tóftin að tilheyr eldra notkunarskeiði. Gólfslag fannst ekki í tóftum en örlítill koladreif efst í einum kjarnanna. Bendir ekki til langtíma búsetu heldur er fremur um seltóftir eða beitarhús að ræða.




## Fornbýli við Skíðadalsá í Kolbeinsdal<sup>2</sup>



Mynd 1. Túngarður meints fornbýlis við Skíðadalsá í Kolbeinsdal.

Nautaselthólar heita hólmyndanir um hálfan kílómetra við Skíðadalsá þar sem hún fellur í Kolbeinsdalsá. Í hólunum eru leifar mjög jarðsokkins túngarðs og nokkurra vallgróinna tófta innan hans. Engar heimildir eru til um býli þarna og nafn þess er óþekkt. Í Byggðasögunni er býlið kallað Nauthólar. Vallargarðurinn afmarkar túnstæði um 80x50m að stærð. Nokkur halli er á túninu og efst á túbrekkunni, fast upp við garðinn eru tvær tóftir. Sú vestari [a] virtist þrískipt og dyr fyrir miðri tóft en sú eystri [c] var einungis eitt hólf og engar dyr sýnilegar. Áfastar við vestari túngarðsvegg voru leifar tveggja tófta, lítil tóft [d] án dyra og rétt [e]. Veggir tóftar og vallargarður voru mjög hlaupin í þúfur og fornfálegir. Teknir voru kjarnar í vallargarðinn, tóftir og hlaðið utan tóftanna.



Kjarnar:

<sup>2</sup> Nánari umfjöllun er að finna í: Byggðasögu Skagafjarðar VI. bindi (Hjalti Pálsson ritstj.), bls.304-305.

**K1:** N585419,926 m A502522,242 m

Kjarni tekinn vestanvert í túngarðsvegg.

Um 7cm óhreyft jarðlag var undir grasrót. Neðan þess var torfveggur sem í var H3 og linsur af H1104. Undir veggnum á 44cm dýpi var H3 in situ.

**K2:** N585431,813 m A502524,682 m

Kjarni tekinn í óglöggan suðurvegg tóftar sem áföst var túngarðinum að vestanverðu.

Undir grasrót var 3cm þykkt óhreyft fokmoldarlag. Á 10cm dýpi var rótað lag með torfflekkjum. Á 18-27cm dýpi var komið niður á lífrænt, fitugt, þétt lagskipt gólflag. Undir því á 26cm dýpi var komið niður á óhreyft.

**K3:** N585437,634 m A502565,362 m

Kjarni tekinn í miðgólf þrískiptrar tóftar, stærstu tóftarinnar innan túngarðs.

Komið var niður á stein á 10cm dýpi.

**K4:** N585434,584 m A502570,417 m

Kjarni tekinn í millivegg þrískiptrar tóftar.

Komið var niður á steina á 15cm dýpi.

**K5:** N585434,102 m A502572,386 m

Kjarni tekinn í gólf þrískiptrar tóftar.

Undir grasrót var komið niður á fremur einsleita en rótaða mold niður á 40cm dýpi.

**K6:** N585425,824 m A502571,496 m

Kjarni tekinn í hlaðið framan við tóftirnar.

Undir grasrót var óhreyfð fokmold niður á 15cm dýpi en þar neðan við var rótaður jarðvegur með H3. Á um 20cm dýpi lá H1104 þvert yfir kjarnann, óvíst hvort að er in situ. Undir henni var um 4cm þykkt kolalag.

**K7:** N585428,272 m A502577,516 m

Kjarni tekinn í suðurvegg réttar við túngarð.

Undir grasrót var óhreyfð fokmold niður á 25cm dýpi. Á 25-30cm dýpi var kolalag. Undir laginu var H1104 að því er virðist in situ á 36cm dýpi.

**K8:** N585434,952 m A502578,292 m

Kjarni tekinn milli tóftar c og túngarðsins.

Á 12cm dýpi var gráleit gjóska. Undir henni var rótuð mold með torfleifum með H1104 og grænleitri gjósku.

**HYS:** 283m

#### *Túlkun:*


Túngarður eftir 1104 fyrir 1766 en líklega ekki löng búseta á staðnum. Efst innan gerðis var hústóft með gólflagi sem í voru kol og mögulega móaska sem bendir til mannvistar.



## Nautasel<sup>3</sup>



Mynd 2. Horft til norðurs yfir hluta tóftasvæðisins á Nautasel.



Rétt vestan stórgrýttis framburðar Skíðadalsár, þverá sem rennur í Kolbeinsdalsá, eru umfangsmiklar minjar sem bera nafnið Nautasel. Selið var á biskupatímanum selstaða fyrir nautgripi Hólastaðar en eru líklega aflagt á 17. öld. Tóftirnar liggja á og milli nokkurra hóla og virðist garðbrot liggja á nokkrum kafla austan tóftanna. Garðurinn var þó mjög óljós. Tóftir allar eru mjög gamallegar en þó virðast þær misgamlar og bera vitni um notkun staðarins um langan aldur. Einungis einn kjarni var tekinn á svæðinu á hólbungu sem á stóðu tvær tóftir.

<sup>3</sup> Nánari umfjöllun er að finna í: Bygðasögu Skagafjarðar VI. bindi (Hjalti Pálsson ritstj.), bls.304.



Kjarnar:

**K1:** 585800,374 m 501849,177 m

Tekinn var kjarni í tóftaupphækkun vestast á svæðinu.


Á 15cm dýpi kom fram dökk gjóska, H1766. Undir henni var 4cm þykk fokmold ofan á mannvistarleifar þannig að þær hafa verið aflagðar nokkru fyrir þann tíma. Mannvistarlögin voru þykk móösku og kolalög og góflög. Einnig lag af veggjatorfi sem í var H1300.

*Túlkun:*

Hluti byggingarinnar er því frá því eftir 1300 en aflögð fyrir 1766, etv. á 17 öld.

## Ferð í Hjaltadal 22.06.2011

### Byrgisnes í Hólahaga<sup>4</sup>



Innst í Hjaltadals, í landi Hóla liggja tóftir á lítt grónum mel eða nesi sem nefnist Byrgisnes. Um tvær tóftir er að ræða, stærri tvískipta tóft [a] og smærri yngri tóft [b] sem hefur verið hlaðin ofan í austurenda stærri tóftarinnar. Tóftirnar eru grónar en enn sér í grjót í veggjum á stöku stað. Borkjarnar voru teknir inni í tóftinni, í veggi hennar og utan við innganginn í hans.

Kjarnar:

**K1:** 570327,122 m 500143,270 m

<sup>4</sup> Nánari umfjöllun er að finna í: Byggðasögu Skagafjarðar VI. bindi (Hjalti Pálsson ritstj.), bls.189-190.

Kjarninn var tekinn í sunnanvert í suður langvegg tóftarinnar.

Undir grasrót var 3cm þykk óhreyfð fokmold en undir henni rauðleitt mýrartorf niður á 40cm dýpi þar sem komið var niður á stein. Þykkar linsur af H3 voru í torfinu.

**K2:** 570329,494 m 500144,336 m

Kjarninn var tekinn í gólf tóftarinnar.

Neðst í grasrót, á 10cm dýpi var þunn svört gjóskulína, líklega H1766. Undir henni var um 2cm óhreyft fokmoldarlag en neðan þess örllítið rótaður jarðvegur niður á 22cm dýpi. Engin eiginleg merki gólfs og engin merki mannvistar.

**K3:** 570325,712 m 500140,738 m

Kjarninn var tekinn utan við inngang í tóft.

Undir grasrót á 12cm dýpi, var þunn svört gjóskulína, H1766. Undir henni var um 18cm þykkt torfrót ofan á H1300 gjóskunni óhreyfðri á 28cm dýpi. Þar fyrir neðan var óhreyft.

**K4:** 570326,140 m 500140,339 m

Kjarninn var tekinn utan við inngang í tóft.


Gjóskan H1766 var á 15cm dýpi. Á 26cm dýpi var H1300 in situ. Engin merki eiginlegrar mannvistar í kjarna.

HYS: 347m

#### *Túlkun:*

Tvískipt grjót- og torfhlaðin tóft, einhverskonar skepnuhúss eða réttar. Hlaðin eftir 1300 aflögð fyrir 1766. Líklega nær 1766 í aldri en 1300. Engin merki um gólflög eða mannvist sem bendir til að tóftin hafi verið notuð stuttan tíma í einu.

## Kollugerði í lamdi Hólastaðar<sup>5</sup>



Kollugerði liggur sunnan undir melhrygg um 700m norður frá Hólastað. Þar eru tvenn garðlög og ein tóft og þar eru heimildir eru um fjárhús frá Hólastað. Engin heimild er til um byggð á gerðinu en garðlag liggur í hálfboga og í norðaustur horni hans er aflöng, tvískipt úti-húsatóft. Tóftin er vel gróin en veggir enn nokkuð stæðilegir. Annað garðbrot liggur svo frá bogadregna garðinum til norðurs upp á melhrygginn.

Kjarnar:

**K1:** 582305,686 m 494159,031 m

Kjarni tekinn í garðlag sem liggur

norður-suður upp frá túngarðinum upp brekku.

<sup>5</sup> Nánari umfjöllun er að finna um Kollugerði í Byggðasögu Skagafjarðar VI. bindi, bls. 183-184.



Undir grasrót er um 3c186m þykkt óhreyft fokmoldarlag niður á 12cm dýpi. Þar var komið niður á blandað torf- og moldarlag með H3 og linsum af H1104. Frá 32-50cm var lagskiptara torf með H3 og H1104.

**K2:** 582281,928 m 494201,221 m

Kjarninn tekinn í túngarð sem liggur að hluta í boga umhverfis tvískipta tóft.

Óhreyfð fokmold niður á 23cm dýpi. Neðan þess var um 26cm þykkt torflag sem í var að finna H3 og H1104. Á 50cm dýpi var komið niður á óhreyft.

**K3:** 582294,292 m 494153,376 m

Kjarni tekinn í gólf tvískiptrar tóftar innan túngarðs.


Neðst í grasrót á 10cm dýpi var H1766 gjóskan in situ. Neðan hennar niður á 22cm dýpi var rótuð mold, fremur einsleit en þó vottur af torfi. Neðan hennar var 17cm þykkt torflag sem í var H3. Á 40cm dýpi var komið niður á óhreyft.

**HYS:** 145m

*Túlkun:*

Bæði garðlög eru reist eftir 1104. Aldur tóftar er óljós en hún virðist jafnaldra túngarðinum en hún hefur verið aflögð þegar gjóskan frá 1766 féll.

## Ónefndar minjar í landi Hólstaðar<sup>6</sup>



Um kílómetra suðaustur af dómkirkjunni á Hólum, um 350m ofan hesthúsa sunnan Hólstaðar eru leifar túngarðs og tófta. Engar heimildir eru til um staðinn en greinilegt er að skriður hafa fallið úr hlíðinni ofan við og hafa tóftir sem mögulega hafa legið innan garðs horfið þá. Nokkrar tóftir liggja í röð upp brekku í ræktuðu túni norðan túngarðsbrotins en þar virðist um stekki og/eða beitarhúsa-tóftir að ræða. Elsta tóftin [a] er æði jarðsokkin og óglögg en yngsta tóftin er líklega stekkjartóft frá 19. öld. Óvíst er hvort tóftirnar tilheyra túngarðsbrotinu, það væri þá helst elsta og vestasta tóftin. Borkjarnar voru teknir í tvær elstu

<sup>6</sup> Nánari umfjöllun er að finna í: Byggðasögu Skagafjarðar VI. bindi (Hjalti Pálsson ritstj.), bls.186-187.

tóftanna en ekki var hægt að nota borinn í yngri tóftunum þar sem að þær voru grjóthlaðnar. Suðurendi túngarðsins var rofinn vegna ágangs skepna og var sniðið sem myndast hafði þannig skoðað nánar.

Kjarnar:

**K1:** N 581038,649 m A 495527,688 m

Kjarni tekinn í gólf óglöggrar tóftar, líkega stekkjartóftar.

Undir grasrót var 13cm þykkt óhreyft fokmoldarlag. Neðan þess var 16cm þykkt torflag sem í voru linsur af svartri gjósku, mögulega H1766. Neðan þess á 42cm dýpi

**K2:** N 581037,165 m A 495527,860 m

Kjarni tekinn í gólf óglöggrar tóftar, líklega stekkjartóftar.

Undir grasrót var 5cm þykk óhreyfð fokmold. Neðan hennar 20cm þykkt torf með glöggri, svartri gjósku, etv. H1766. Neðan torfsins var um 4cm rótað lag en neðan þess á 40cm dýpi var óhreyft.

**K3:** N581029,442 m A 495518,287 m

Kjarni tekinn í syðri langvegg elstu tóftarinnar, líklega stekkjjar.

Um 12cm þykkt fokmoldar lag niður á mjög einsleitt brúnt torflag sem í voru þunnar linsur af H1104. Neðan þess á 40cm dýpi var komið niður á óhreyft.

**K4:** N 581031,129 m A 495512,029 m

Kjarni tekinn í nyrðri langvegg elstu tóftarinnar, líklega stekkjjar.

Neðst í grasrót á 10cm dýpi var svart gjóskulag, H1766. Neðan þess var 10cm þykkt fokmoldarlag þar sem kom fram rótað torflag með gráleitri gjósku, líklega H1300. Lagið var um 13cm þykkt en neðan þess var um 6cm þykkt óhreyft fokmoldarlag.

Kjarnar sem teknir voru í yngstu tóftirna c og d komu beint niður á grjót í veggjum.

**HYS:** 176m

*Túlkun:*

„Stekkjartóft 1 (vestasta og elsta tóftin)“

Tvískipt jarðsokkin torf- og grjóthlaðin tóft. Reist eftir 1300 en aflögð löngu fyrir 1766.

*Stekkjartóft 2 (fast austan og ofan á stekkjartóft 1)*

Tóftin er reist eftir 1766. Vera kann að hún sé hluti af stærstu tóftinni en hún virðist jarðsokknari og liggja undir hana.



*Stekkjartóft 3 (fast austan og ofan á tóft 2)*

Mikið grjót í tóft og ekki hægt að ráða í aldur út frá borkjarna. Líklega 18-19 öld.

*Stekkjartóft 4 (austast)*

Virðist liggja ofan á stærstu tóftinni og því mögulega yngsta tóftin á svæðinu. Tvískipt torf- og grjóthlaðin. Líklega 18-19 öld.

### **Snið í túngarð**

Túngarður sést á um 200m löngum kafla sunnan tóftanna. Hann liggur í boga upp brekkuna og sést eftir brekkunni endilangri á kafla. Skriður hafa fallið yfir garðinn norðanverðan og niður túnið og hefur hluti garðsins og mögulegar tóftir innan hans horfið undir skriðurnar. Alls er garðurinn um 90cm hár þar sem hann er hæstur og um 2m á breidd þar sem hann er breiðastur.

Mynd 3. Snið í túngarðsvegg. Sjá má hvítar linsur af H1104.

Garðurinn er rofinn þar sem hann liggur niður á núverandi tún og hafa skepnur myndað rof í garðendann. Rofið var hreinsað upp og skoðað.

*Túlkun sniðs:*

Túngarður er augljóslega reistur eftir 1104. Ekki var hægt að sjá merki um uppgildingu veggjarins. Engin merki voru um H1300 gjóskuna en neðst í grasrót var þunn svört lína, líklega H1766. Garðurinn var alls um 60cm á hæð. Hann hefur því verið hlaðinn eftir 1104 en verið löngu aflagður fyrir 1766.



## Hof í Hjaltadal



Yfirlitsmynd af minjum á Hofi í Hjaltadal. Ljós. Hjalti Pálsson.

### Söguágrip

Hof er talin landnámsjörð í Hjaltadal en þar nam land Hjalti Þórðarson. Samkvæmt Landnámu héldu synir Hjalta erfi að honum látnum og eiga 1200 boðsgestir að hafa setið það.<sup>7</sup> Jörðin hefur löngum verið talin fara í eyði á 10. öld en Hólar þá orðnir höfuðból dalsins.<sup>8</sup> Fornleifarannsóknir síðustu ára benda hinsvegar til þess að á Hofi hafi verið byggt allt frá landnámi og a.m.k. á 13. og 14. öld. Einnig eru vísbendingar um að jörðin hafi verið í ábúð um miðja 16. öld.<sup>9</sup> Það hefur því sannast að saga Hofs er mun lengri og flóknari en talið hefur verið. Tvö íbúðarhús eru nú á jörðinni, Hof I og Hof II og er búið í þeim báðum. Hof I stendur á gamla bæjarstæðinu og var húsið reist 1938 með viðbyggingu 1961.<sup>10</sup> Jörðin er nú eign Hólastaðar.

Miklar fornleifar eru á Hofi. Þar hafa meðal annars fundist leifar áður óþekkts kirkjugarðs frá 13.öld frá þeim tíma sem staðurinn á að hafa legið í eyði. Garðurinn kom fyrst í ljós 1955 þegar gamla torfbænum var jafnað út. Á áttunda áratugi sl. aldar fóru fram lagnaframkvæmdir sunnan íbúðarhússins sem nú stendur á bæjarstæðinu komu þá upp leifar fleiri beinagrinda.<sup>11</sup> Alls hafa leifar a.m.k. 12 beinagrinda fundist í garðinum.<sup>12</sup>

<sup>7</sup> Byggðasaga Skagafjarðar VI bindi, bls. 124-125.

<sup>8</sup> Sjá t.d. Jarðabók, 9. bindi (1930), bls. 268.

<sup>9</sup> Byggðasaga Skagafjarðar VI bindi, bls. 125.

<sup>10</sup> Sama heimild, bls. 124.

<sup>11</sup> Sama heimild, bls. 129.

<sup>12</sup> Guðmundur Ólafsson, 1984, bls. 127.

Geislakolsmælingar beinanna gáfu til kynna að a.m.k. tvær beinagrindanna væru frá 13. öld.<sup>13</sup> Kirkjugarðurinn að Hofi er því yngsti kirkjugarðurinn sem fundist hefur í Skagafirði sem engar heimildir eru til um hvorki kirkju né kirkjugarð. Það verður að teljast áhugavert að kirkjugarður er á Hofi eftir að farið er að grafa við Hóladómkirkju og eftir þann tíma sem að flestir aðrir heimagrafreitir virðast aflagðir.

Um 100m beint austan bæjarstæðisins með 13. aldar garðinum liggur það sem virtist nánast hringlaga garðlag með upphækkun austan við miðju. Hringlaga garðurinn er um 30m í þvermál. Þessi, að því er virtist, afgirti hóll nefnist Hjaltahaugur og er talinn legstaður landnámshöfðingjans Hjalta. Þar sem hóllinn líktist nokkuð þeim kirkjugörðum sem skoðaðir hafa verið í héraðinu var ákveðið að gera þar minniháttar fornleifarannsókn til að athuga hvort að um slíkan garð gæti verið að ræða. Einnig var ætlunin að kanna frekar aldur annarra minja á Hofi til að ákvarða nánar byggðasögu bæjarins og hvort að þar hefði verið byggð þegar að grafið var í kirkjugarðinn.

Minjarnar sem rannsakaðar voru frekar eru allar friðlýstar með sérstakri þinglýsingu 13.08.1926.<sup>14</sup> Friðlýsingin byggir á að minjarnar hafa verið tengdar við sögur um Hjalta landnámsmann og syni hans sem finna má í Landnámu. Um er að ræða minjar sem nefndar hafa verið Skálatóttir (Veisluskáli) norðvestur af núverandi bæ, fornar tóftir á svokölluðum Hala (Halatóft) norðan bæjar og Hoftóft einnig norðan bæjar, Hjaltahaugur og hringmynduð girðing um hann, garðlög sem talin eru hafa verið sundlaug Hjaltasona. Borkjarnar voru teknir í allar þessar minjar nema Halatóftina en þar hafði áður farið fram fornleifakönnun.<sup>15</sup> Einnig var kannað hvort finna mætti leifar meints virkisveggjar á bæjarhólnum sem menn telja sig hafa fundið við framkvæmdir en veggurinn kemur fyrir í Bollapætti Bollasonar frá 14. öld. Virkisveggurinn er ekki friðlýstur sérstaklega.

## **Niðurstöður rannsókna:**

### *Hjaltahaugur – meintur mögulegur kirkjugarður:*

Haugurinn er dálítill aflöng hólmyndun en umhverfis hana virðist á yfirborði vera nokkuð glöggur hringlaga veggur sem í eru stórir en nokkuð óreglulegir náttúrusteinar. Garðurinn er um 30m í þvermál. Greinilegt er að á fyrri öldum hafa menn gert tilraun til að grafa í hauginn en nokkuð stór dæld er í hólinn þar sem hann rís hæstur. Í þessum niðurgreftri má sjá mól undir þunnri grasrót. Lýsing á haugnum frá 1882 getur þess að garður hafi legið frá haugnum að bænum og sá garður sást enn 1886. Nú sést ekkert eftir af þeim garði. Sigurður Vigfússon fornfræðingur gerði smá könnun í hólinn 1886 og sagðir þar einungis mól og grjótt líkt og víða væri að finna í Hofslandi.<sup>16</sup>

<sup>13</sup> *Árný Sveinbjörnsdóttir o.fl. 2010, bls. 687.*

<sup>14</sup> Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar, bls. 45.

<sup>15</sup> Tara Carter, 2010, bls. 202.

<sup>16</sup> Byggðasaga Skagafjarðar VI. bindi, bls. 126-127.



*Íbúðarhúsið sem stendur á gamla bæjarstæðinu. Kirkjugarðurinn sem fannst var á svæðinu milli hússins og svokallaðs Blótssteins sem sést við vegkantinn vinstra megin á mynd.*

Ástæða þess að talið var mögulegt að þarna gæti verið um að ræða fornan kirkjugarð er hið algera hringlag hólsins og þess að vitneskja er um garð á gamla bæjarstæðinu. Slíkur flutningur garðs hefur komið fram við rannsóknir á Stóru-Seylu.

Teknir voru borkjarnar í meint garðlag og inn innan garðsins sjálfs. Engin mannvist fannst á hólnum sem haugurinn stendur á og ekki fundust heldur merki torfs í kjörnunum sem teknir voru í meint garðlag. Innan hólsins var allsstaðar strax komið niður á mól er reynt var að taka borkjarna. Margir melhólar eru í landi Hofs og er hér líklega um einn slíkan að ræða. Hringlaga veggurinn umhverfis hólinn kann að vera tilkominn vegna jarðvinnslu í túni en ekki er þó loku fyrir það skotið að torfið í garðinum kunni að vera mjög niðurbrotið eða uppblásið.

#### *Sundlaug:*

Garðlag liggur út frá brekku í túni í 25m til vesturs, beygir þar til suðurs og sést ógreinilegri í túninu á um 90m löngum beinum kafla. Þar sem það er gleggst er það um metri á breidd og um 60cm á hæð. Innan eða austan garðsins er óglögg tóft einhverskonar aflangrar byggingar. Byggingin liggur norður-suður og er um 11m löng. Kjarnar voru teknir í garðinn og tóftina innan hans. Garðurinn er greinilega reistur eftir 1104 en ekki var hægt að ákvarða aldur hans nánar. Byggingin innan garðs virðist reist eftir 1300 og kann hún að vera jafnaldra garðinum. Ekki var hægt að

ákvarða hvernig byggingu um var að ræða þar sem ekkert gólflag sást en í garðlaginu komu greinilega fram kolaleifar sem gætu bent til mannbústaðar. Þó kunna kolin að hafa blásið yfir svæðið frá bæjarstæðinu norðan við.



*Leifar svokallaðs Veisluskála fyrir miðju myndar. Minjarnar reyndust frá því eftir 1104.*

#### *Virkisgarður:*

Teknir voru kjarnar austanvert í bæjarstæði Hofsbæjar þar sem miklar grjóthleðslur komu upp við framkvæmdir sem taldar voru leifar virkis þess sem fram kemur í Bollapætti.<sup>17</sup> Einungis komu fram umrótaðar torfleifar sem gætu verið frá því að bæjarhúsum var rutt þarna um.

#### *Hoftóft:*

Hoftóftin er einungis dálítill laut sem fremur lítil tóftarlag er á. Nokkrir kjarnar voru teknir í og við lautina sem liggur frammi á brekkubrún 90m norðan íbúðarhúss Hofsi I og rétt vestan gamalla fjárhúsa. Fram komu leifar húss, líklega íveruhúss af einhverju tagi. Byggingin er yngri en 1104 en engar nánari aldursgreiningar voru mögulegar. Greinilegt er að minjarnar hafa orðið fyrir skemmdum af seinni tíma umróti við gerð fjárhússins og umferð framan við það.

#### *Veisluskáli:*

Kjarnar voru teknir í friðlýsta tóft sem kölluð hefur verið Veisluskáli og talin vera skáli sá sem synir Hjalta landnámsmanns héldu í erfi fyrir föður sinn. Kjarnarnir leiddu í ljós að líklega er um að ræða rétt eða einhverskonar gripahús. Engin merki

---

<sup>17</sup> Bygðasaga Skagafjarðar VI. bindi, bls. 129.



voru um mannvist önnur en dálítið áfok kola. Byggingin virðist reist eftir 1104 og H1300 virðist liggja yfir leifum hennar að hluta sem bendir til að hún hafi verið aflögð fyrir þann tíma. Engin glögg merki voru um seinni tíma endurbyggingu.

*Túlkun:*

Ekki fundust neinar vísbendingar um kirkjugarð í Hjaltahaugi svokölluðum. Ekki er loku fyrir það skotið að með stærri könnunarskurðum kunni að koma í ljós leifar torfveggjar en hann er þá mjög illa farinn sökum uppblásturs eða annarrar jarðeyðingar. Engin ummerki grafa eða jarðrasks fundust innan hringlaga formsins. Rannsóknin sýndi fram á að byggð hefur verið að Hofi á 12.- 14. öld, á sama tíma þar hefur verið kristinn grafreitur. Líklegt er að bæjarstæðið hafi verið flutt frá Hala á þann stað sem bærinn stóð fram yfir miðja 20. öld. Það hefur því verið byggð á Hofi á þeim tíma sem bærinn hefur átt að liggja í eyði.

## **Borkjarnar teknir á Hofi í Hjaltadal**

### **Hjaltahaugur – hringlaga jarðmyndun, mögulegur kirkjugarður**

#### **Borlína í mögulegan suðurvegg hrings – lá norður-suður**

01.06.2011

- 1: Engin merki mannvistar. Komið niður á óhreyft á 40cm dýpi.
- 2: Engin merki mannvistar. Komið niður á óhreyft á 40cm dýpi.
- 3: Engin merki mannvistar. Komið niður á óhreyft á 40cm dýpi.
- 4: Engin merki mannvistar. Komið niður á óhreyft á 40cm dýpi.
- 5: Komið niður á mel á 10cm dýpi.

#### **Borlína í mögulegan norðurvegg hrings – lá norður - suður**

- 6: Komið niður á mól á 10cm dýpi.
- 7: Óhreyft niður á 40cm dýpi, fokmold og sandur í kjarna. Komið niður á fast í botni kjarna.
- 8: Óhreyfð fokmold í 20cm, þar komið niður á stein.
- 9: Kjarni tekinn í tún norðan haugsins til viðmiðunar. Um 40cm niður á fast. Engin gjóska en jarðvegur gráleitur og leirkenndur með mýrarútfellingum. Engin merki mannvistar.

#### **Kjarnar teknir austast í hringinn þar sem mögulegur torfveggur var greinilegastur**

- 10: Komið niður á stein á 10cm dýpi.
- 11: Óhreyft niður á 40cm þar sem komið var niður á stein.

#### **Kjarnar teknir í meintan sundlaugarvegg**

- 12: Kjarni tekinn í norðurhluta veggjalags þar sem það stóð hæst. Grusrót var 10cm þykk. 10-25cm rótuð mold. 25-38cm, gráleitur jarðvegur. 38-65 torf með gráum linsum og rauðleitum mýrarflekjum. Mjög fínkornótt og þétt. Komið niður á fast á 65cm.
- 13: Kjarni tekinn í norðurhluta veggjalags þar sem það stóð hæst. Grusrót 10cm þykk. 10-20cm óhreyfður fokjarðvegur. 20-56cm, gráleitt torf með þunnum linsum af H1104. 56-64cm linsa af sama torfi og kolum. 64-68cm samskonar gráleitt torf með H1104. Komið niður á óhreyft á 68cm. Óhreyfður fokjarðvegur niður á 70cm þar sem H1104 kom fram sem þunn lína þvert yfir kjarna, líklega in situ. Óhreyfð fokmold undir henni niður á 90cm.
- 14: Tekinn í norðurhluta sundlaugargarðs þar sem hann var greinilegastur. Grusrót niður á 10cm. Frá 10-62cm fremur einsleitt en grálitað torf með þunnum linsum af H1104. Dálítil koladreif neðst í torfi. Á 62cm var komið niður á fast.
- 15: Tekinn í norðurhluta sundlaugargarðs þar sem hann var greinilegastur. Grusrót niður á 10cm. Óhreyfður jarðvegur á 10-20cm. Frá 20-54cm var mjög lagskipt torf með H1104 og þunnri svartri gjósku, mögulega Vj~1000. Torfið var gráleitt með ryðlitum mýrarskellum. Dálítil koladreif var í torfinu á 52cm. Óhreyft neðan við 54cm.

#### **Kjarni tekinn í gólf tóftar innan sundlaugargarðs**

- 16:** Tekinn í gólf óljósrar tóftar innan „sundlaugar“ garðs. Grasrót niður á 10cm. 10-32cm rótuð mold með torfleifum. Á 32cm var 0,5cm þykk dökkgrá gjóska in situ, líklega H1300. Komið niður á stein á 34cm.
- 17:** Kjarni tekinn í mjög ógreinilegan langvegg tóftar innan sundlaugargarðsins. Grasrót lá niður á 10cm. 10-15cm óhreyfð fokmold. Á 15-32cm torf með gráleitri gjósku, líklega H1300. Þessi gjóska lá sem 0,5cm þykk grá lína þvert yfir kjarnann neðst í torfinu og kann að vera að þar hafi hún verið in situ en ekki hluti af torfinu. Neðan hennar var svo óhreyfður jarðvegur.

#### **Kjarnar teknir í meintan virkisvegg**

- 18:** Kjarninn var tekinn austan til á bæjarhólnum þar sem mögulegur virkisveggur var talinn geta verið. Grasrót niður á 10cm. 10-30cm rótuð mold með smá kolum og brenndum beinum. Frá 0-50cm rótuð mold með H3. Komið niður á fast á 50cm.
- 19:** Kjarninn var tekinn austan til á bæjarhólnum þar sem mögulegur virkisveggur var talinn geta verið. Grasrót niður á 10cm. 10-40cm rótað með torfsneplum, H1104, móösku og smá kolum og brenndum beinaleifum. 40-50cm.
- 20:** Kjarninn var tekinn austan til á bæjarhólnum þar sem mögulegur virkisveggur var talinn geta verið. Grasrót niður á 10cm. Þar fyrir neðan rótað torf niður á 40cm þar sem komið var niður á stein.

#### **Kjarnar teknir í svokallaða Hoftóft**

- 21:** Kjarninn var tekinn í óljóst mögulegt veggjalag vestan gamalla fjárhúsa. Óhreyfður jarðvegur niður á 30cm þar sem komið var niður á möl.
- 22:** Kjarninn var tekinn rétt sunnan óljóss mögulegt veggjalags vestan gamalla fjárhúsa. Rótuð mold með smá torfsneplum niður á 40cm þar sem komið var niður í möl.
- 23:** Kjarninn var tekinn í óljóst mögulegt veggjalag vestan gamalla fjárhúsa. Óhreyfður jarðvegur niður á 40cm þar sem komið var niður á fast.
- 24:** Kjarni tekinn í miðja mögulega tóft vestan gamalla fjárhúsa. 10cm óhreyfður jarðvegur niður á möl.
- 25:** Kjarni tekinn í miðja mögulega tóft vestan gamalla fjárhúsa. 10cm óhreyfður jarðvegur niður á möl.
- 26:** Kjarninn var tekinn í óljóst mögulegt veggjalag vestan gamalla fjárhúsa. Grasrót niður á 10cm. Lagskiptara torf frá 15-50cm. Komið niður á óhreyfða H3 á 50cm.
- 27:** Kjarninn var tekinn í óljóst mögulegt veggjalag vestan gamalla fjárhúsa. Rótað lag með torfleifum og mold niður á 50cm dýpi. Þar var komið niður á mjög þunnt ljóst gjóskulag, líklega H1104 in situ. Dálítil Óhreyft var neðan hvítu gjóskunnar og um 5cm niður á H3 óhreyfða.
- 28:** Kjarninn var tekinn í sléttað svæði rétt vestan fjarhússins, austan við tóftadældina. Grasrót var niður á 10cm. 10-58cm, rauðleitt fremur gróft torf. Á 58-62cm var fitugt bleikt lag með kolum og móösku og smá beinamusli. Lagið var nokkuð þétt og hefur mögulega verið gólfslag. Neðan þess niður á 66cm var fokmold með koladreif. á 70cm var þunnt ljóst gjóskulag, líklega H1104. Um 2cm af óhreyfðri fokmold var á milli H1104 og Landnámslagsins.

## **Kjarnar teknir í svokallaðan Veisluskála**

- 29:** Kjarni tekinn í vestur langvegg meints veisluskála. Komið niður á grjót á 20cm.
- 30:** Kjarni tekinn í vestur langvegg meints veisluskála. Grasrót niður á 8cm. 24-35cm mjög ormétin rótuð mold með smá koladreif. Á 35-45cm torf með dökkri gjósku. Óhreyft undir 35cm.
- 31:** Kjarni tekinn í vestur langvegg meints veisluskála. Óhreyft niður á 20cm dýpi þar komið niður á grjót.
- 32:** Kjarni tekinn í gólf Veisluskálans. Grasrót niður á 8cm Á 30cm dýpi kom fram rótuð mold með flekkjum af H3. Komið niður á það sem virtist vera mól á 40cm.
- 33:** Kjarni tekinn í gólf Veisluskálans. Grasrót niður á 8cm. 8-28cm, ormétin fokmold. Á 28cm var dökk gjóska þvert yfir kjarna, líklega H1300, líklega in situ. Frá 28cm var rótað torf niður á 47cm. Óhreyft þar fyrir neðan.
- 34:** Kjarni tekinn í einn þverveggja innan tóftar. Grasrót niður á 8cm. Frá 2-22cm, ormétin fokmold. Á 22cm, dökkleit gjóska, líklega H1300 in situ. Frá 20-60 rótað torf með því sem virtust örliðir flekkir af H1104, neðst í því lagi voru dálítil koladreif á um 6cm kafla ekki nógu þétt til að vera gólf. 60-65cm mjög rótuð mold með H3. Á 65cm var H3 in situ.
- 35:** Kjarni tekinn í gólf eins afhólfs Veisluskálans. Grasrót niður á 8cm. 8-28cm. Frá 28-31cm óhreyfð fokmold. Á 31cm, dökk gjóska, líklega H1300 in situ. Á 33cm var H3 in situ.
- 36:** Kjarni tekinn í eitt afhólfa Veisluskálans. Óhreyft niður á 10cm þar sem komið var niður á grjót.
- 37:** Kjarni tekinn í eitt afhólfa Veisluskálans. Óhreyft niður á 10cm þar sem komið var niður á grjót.
- 38:** Kjarni tekinn í suðurvegg Veisluskála. Ormétinn jarðvegur niður á 30cm þar sem komið var niður á stein.
- 39:** Kjarni tekinn í inngang í Veisluskála. Ormétinn jarðvegur niður á 20cm þar sem komið var niður á stein.
- 40:** Kjarni tekinn í gólf eins afhólfs Veisluskálans. Grasrót niður á 8cm. 8-28cm Ormétinn jarðvegur niður á 28cm. 28-40cm. Rótað torf með dökkri gjósku (H1104?).

## **Túlkun**

### *Hjaltahaugur – meintur mögulegur kirkjugarður:*

Hjaltahaugur er friðlýstur sem haugur landnámsmannsins Hjalta Þórðarsonar. Engin mannvist fannst á hólnum sem haugurinn stendur á. Líklegast um náttúrumyndun að ræða og hringlaga veggur umhverfis hólinn er líklega tilkominn vegna jarðvinnslu í túni.

### *Sundlaug:*

Garðurinn er friðlýstur sem upphlaðin sundlaug frá landnámsöld. Kjarnar voru teknir í garðinn og tóft innan hans. Garðurinn er greinilega reistur eftir 1104 en ekki var hægt að ákvarða aldur hans nánar. Byggingin innan garðs virðist reist eftir 1300 og kann hún að vera jafnaldra garðinum. Ekki var hægt að ákvarða hvernig byggingu um var



að ræða þar sem ekkert góflag sást en í garðlaginu komu greinilega fram kolaleifar sem gætu bent til mannabústaðar. Þó er ekki hægt að fullyrða það þar sem kolin gætu hafa blásið yfir svæðið frá öðru bæjarstæði.

*Virkisgarður:*

Teknir voru kjarnar austanvert í bæjarstæði Hofsbæjar þar sem miklar grjóthleðslur komu upp við framkvæmdir sem taldar voru virki það sem fram kemur í Bollapætti. Einungis komu fram umrótaðar torfleifar sem gætu verið frá því að bæjarhúsum var rutt þarna um.

*Hoftóft:*

Nokkrir kjarnar voru teknir í laut sem liggur frammi á brekkubrún 90m norðan íbúðarhúss Hofa I og rétt vestan gamla fjárhúsa. Fram komu leifar húss, líklega íveruhúss af einhverju tagi. Byggingin er yngri en 1104 en engar nánari aldursgreiningar voru mögulegar.

*Veisluskáli:*

Kjarnar voru teknir í friðlýsta tóft sem kölluð hefur verið Veisluskáli og talin vera skáli sá sem synir Hjalta landnámsmanns héldu í erfi fyrir föður sinn. Kjarnarnir leiddu í ljós að líklega er um að ræða rétt eða einhverskonar gripahús. Engin merki voru um mannvist önnur en dálítið áfok kola. Byggingin virðist reist eftir 1104 og H1300 virðist liggja yfir leifum hennar að hluta sem bendir til að hún hafi verið aflögð fyrir þann tíma. Engin glögg merki voru um seinni tíma endurbyggingu.

## Samantekt

Alls voru sjö staðir skoðaðir fornleifafræðilega í tengslum við ritun sjötta bindis Byggðasögu Skagafjarðar sumarið 2011. Einungis var um að ræða rannsóknir með kjarnabor en á einum staðanna var skoðað snið sem hafði þegar myndast í túngarðsvegg. Fjórir staðanna voru í Hjaltadal en þrír í Kolbeinsdal. Þrír staðir, einn í Kolbeinsdal og tveir í Hjaltadal voru skoðaðir með tilliti til þess að um möguleg býli kynni að vera að ræða en vallargarður hefur afmarkað nokkurt svæði á öllum þessum stöðum.

Í Kolbeinsdal fundust merki um búsetu á stað sem kallaður er í VI bindi Byggðasögunnar Nauthólar en engar heimildir eru til um býlið eða nafn þess. Byggð hefst á staðnum eftir 1104 en ekki var hægt að ákvarða með vissu efri mörk en þó hefur byggð verið verið aflögð löngu fyrir 1766. Tóftir virtust of óverulegar til að benda til lengri búsetu.

Á Nautaseli í Kolbeinsdal var einungis tekinn einn kjarni utan tófta og benti torf í honum til byggingar sem hlaðinn hefur verið eftir 1300. Notkun staðarins hefur þó líklega verið hætt þegar gjóskan féll 1766. Rannsóknin sem gerð var á selinu var of takmörkuð til að greina hvort þar kunnist að hafa verið lengri búseta.

Engin merki mannvistar fundust á Kollugerði í landi Hólastaðar og erfitt var að greina aldur minja þar. Garðarnir eru þó reistir eftir 1104 og tóftin innan hans affallin fyrir 1766.

Leifar grjótskriða komu í veg fyrir að hægt væri að gera frekari rannsóknir innan túngarðsbrots þess sem kallað er Byrðugerði í Byggðasögunni. Túngarðurinn hefur verið reistur eftir 1104 en löngu affallinn árið 1766. Tóftirnar sem skoðaðar voru virtust allar vera seinni tíma útihúsatóftir og stekkir.

Engar óyggjandi vísbendingar fundust um fasta búsetu á stað sem álitinn var mögulegt bæjarstæði Heljarár, né heldur á tóft á Byrgisnesi innst í Hjaltadal. Líklega er þar um að ræða sel annarsvegar og rétt hinsvegar.

Veigamesta rannsóknin fór fram á Hofi í Hjaltadal en þar voru teknir borkjarnar á fimm stöðum. Engar óyggjandi vísbendingar voru um byggð frá því fyrir 1104 og ekki fundust nein merki sem bent gætu til að svonefndur Hjaltahaugur sé manngerður. Þær minjar sem friðlýstar eru sem söguldarminjar reyndust einnig frá því eftir 1104. Hinsvegar ber að geta þess að einungis voru teknir borkjarnar og að torf er nokkuð óljóst á Hofi, mikið jarðvegsrof virðist hafa orðið þar og þar er fremur jarðgrunnt.

## Hof í Hjaltadal- listi yfir kjarna með hnitum

Kjarni nr.	Austun	Norðun	HYS
<b>Lína sunnantil í Hjaltahaugi</b>			
1	495.773,275	579.470,176	190,187
2	495.773,184	579.470,613	190,337
3	495.772,503	579.470,636	189,284
4	495.771,690	579.470,964	189,437
5	495.770,852	579.473,186	190,801
<b>Lína norðanvert í Hjaltahaugi</b>			
6	495.763,878	579.491,272	188,911
7	495.763,890	579.492,276	188,754
8	495.763,872	579.493,522	188,925
9	495.764,090	579.495,846	189,307
10	495.775,193	579.489,273	187,943
11	495.778,990	579.481,700	189,925
<b>Kjarnar í norðanverðum sundlaugargarði</b>			
12	495.699,370	579.362,490	179,853
13	495.699,167	579.361,763	180,028
14	495.691,998	579.360,613	181,127
15	495.692,880	579.359,149	181,509
<b>Kjarnar í tóft innan sundlaugargarðs</b>			
16	495.699,737	579.317,301	179,867
17	495.697,749	579.322,313	179,867
<b>Kjarnar í meintan virkisvegg á bæjarhóli</b>			
18	495.643,121	579.476,483	182,208
19	495.643,575	579.476,796	183,043
20	495.643,615	579.477,333	183,410
<b>Kjarnar teknir í meinta Goðatóft</b>			
21	495.614,910	579.554,971	181,136
22	495.615,048	579.553,929	181,340
23	495.613,696	579.554,472	182,118
24	495.616,757	579.551,472	179,593
25	495.614,807	579.550,754	179,886
26	495.619,620	579.549,171	179,433
27	495.624,087	579.546,857	181,089
28	495.620,799	579.552,629	181,927
<b>Kjarnar teknir í meintan Veisluskála</b>			
29	495.580,077	579.520,911	171,780
30	495.580,469	579.520,698	172,303
31	495.581,487	579.520,895	171,588
32	495.584,036	579.522,418	174,222
33	495.586,442	579.523,508	175,546
34	495.590,111	579.523,715	173,617
35	495.592,752	579.522,600	174,395
36	495.593,409	579.515,141	174,252
37	495.591,955	579.515,404	174,009
38	495.587,493	579.511,705	173,503
39	495.581,131	579.512,250	172,823
40	495.592,444	579.527,815	175,070